

SAMÞYKKT
fyrir byggðasamlagið Berggrisann bs.

1. gr.

Heiti, heimilisfang og varnarþing.

Samlagið er byggðasamlag og heitir Berggrisinn bs. Heimilisfang og varnarþing byggðasamlagsins er að Austurvegi 2, Selfossi, Sveitarfélaginu Árborg.

2. gr.

Aðildarsveitarfélög, fjárhagsleg ábyrgð og eignarhluti.

Sveitarfélögin Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 5. gr. laga nr. 38/2018, og bera sveitarfélögin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að byggðasamlaginu með samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og með undirritun viðauka við samþykkt þessa.

3. gr.

Verkefni byggðasamlagsins og samvinna við félagsþjónustur aðildarsveitarfélaganna.

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á starfssvæðum aðildarsveitarfélaganna, í samræmi við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, með síðari breytingum. Byggðasamlagið hefur umboð sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga til þess að taka fullnaðarákvarðanir í öllum málum er varða skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk.

Félagsþjónustur aðildarsveitarfélaganna annast framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, hver á sínu starfssvæði í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni, undir yfirstjórn Berggrisans bs. og ber starfsfólki hverrar félagsþjónustu að fara að fyrirmælum stjórnar byggðasamlagsins, starfsfólks, ákvarðana þjónusturáðs og fagteymis. Það sama gildir um starfsfólk þeirra aðila sem veita fötluðu fólki þjónustu á vegum félagsþjónusta aðildarsveitarfélaganna. Hvert sveitarfélag fyrir sig ber ábyrgð gagnvart fötluðu fólki að öll þjónusta sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.

Hlutverk byggðasamlagsins er að útfæra þjónustuna m.t.t. fjárhagslegrar og faglegrar umgjarðar.

Um fjármál og stjórnsýslueftirlit gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en auk þess ber byggðasamlaginu að fylgja öðrum almennum reglum sem gilda um framkvæmd verkefna sveitarfélaga s.s. ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 140/2012 og laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

4. gr.

Starfssvæði byggðasamlagsins, þjónustusamningar við aðildarsveitarfélögin og samningar við einkaaðila.

Starfssvæði byggðasamlagsins skiptist í fimm félagsþjónustusvæði. Þau eru: Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs., fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar, fjölskyldu- og fræðsluvið Sveitarfélagsins Ölfuss, Velferðarþjónusta Hveragerðisbæjar, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Byggðasamlagið gerir þjónustusamninga við aðildarsveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar á viðkomandi félagsþjónustusvæði/sveitarfélagi þar sem tilgreindir eru þeir þjónustuþættir sem viðkomandi félagsþjónustusvæði/sveitarfélag framkvæmir.

Þá skal í þjónustusamningunum gera grein fyrir fjárstreymi, annars vegar frá sveitarfélagunum til byggðasamlagsins og hins vegar frá byggðasamlaginu til félagsþjónustusvæðanna/aðildarsveitarfélaganna.

Byggðasamlaginu er heimilt að gera samning við aðra aðila en aðildarsveitarfélögin um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila, enda samrýmast þeir samningar lögum

um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

Byggðasamlaginu er heimilt að semja við einstök aðildarsveitarfélög um umsjón afmarkaðra verkefna er tengjast þjónustu við byggðasamlagið, s.s. launavinnslu, bókhaldsþjónustu eða fjármála-umsýslu.

Þá er byggðasamlaginu heimilt að semja við einkaaðila um verkefni í tengslum við starfsemi byggðasamlagsins. Um slíka samninga og skyldur einkaaðila sem sinna slíkum verkefnum gilda ákvæði 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

5. gr.

Um stjórn byggðasamlagsins, þjónusturáð, fagteymi og starfsfólk.

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara og er hún kjörin á fulltrúum aðildarsveitarfélaganna á aðalfundi/aukaáðalfundi. Einn stjórnarmaður skal koma af hverju félagsþjónustusvæði nema hjá Sveitarfélaginu Árborg en framkvæmdastjóri/bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar er sjálfkjörinn í stjórn. Við val á fulltrúum í stjórn byggðasamlagsins skal leitast við að hafa sem jafnasta stöðu kynja í samræmi við 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Kjörtímabil stjórnar og varafulltrúa í stjórn skal vera tvö ár í senn og miðast við annan hvern aðalfund byggðasamlagsins nema þau ár sem sveitarstjórnarkosningar eru, þá skal kosið til stjórnar á aukaáðalfundi fyrir 10. júlí. Komi til þess að kjósa þurfi nýja aðal- eða varafulltrúa í stjórn á kjörtímabili skal það gert á aðalfundi eða aukaáðalfundi og er kjörtímabil nýrra fulltrúa það sama og sitjandi fulltrúa. Kjörgengir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru framkvæmdastjórnar og kjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

Framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar skal vera formaður stjórnar en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkom.

Stjórn byggðasamlagsins fer með yfirstjórn reksturs og faglegra verkefna byggðasamlagsins og ber að sjá um að ákvæðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna sé framfylgt. Stjórn hefur umboð aðildar- sveitarfélaganna til fullnaðarafgreiðslu allra mála er snúa að sértækri þjónustu við fatlað fólk sem og annarra mála er varða málaflökkinn eins og nánar er kveðið á um í samþykkt þessari. Stjórn setur sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Þjónusturáð er skipað fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Einn fulltrúi skal koma af hverju félagsþjónustusvæði. Þjónusturáð sinnir stefnumótandi verkefnum og tryggir að þjónusta við fatlað fólk sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og ríkjandi hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks. Ráðið vinnur að heildarmarkmiðum varðandi gæði þjónustunnar. Þá tekur þjónusturáð fyrir þau mál sem fagteymi vísar til ráðsins til afgreiðslu og vísar þeim málum áfram til stjórnar til fullnaðarafgreiðslu. Þjónusturáð situr stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt ef fulltrúar í þjónusturáði eru boðaðir til stjórnarfundar. Stjórn setur starfsreglur fyrir þjónusturáð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þjónusturáðs.

Fagteymi er skipað fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Einn fulltrúi skal koma af hverju félagsþjónustusvæði. Fagteymi fjallar um öll erindi er varða sértæka þjónustu gagnvart einstaklingum og gerir tillögu að afgreiðslu þeirra til þjónusturáðs. Eftir að umsókn um þjónustu hefur verið endanlega samþykkt af stjórn heldur fagteymi utan um og forgangsraðar á biðlista og í úrræði vegna sértækra þjónustu, án sérstakrar afgreiðslu þjónusturáðs eða stjórnar. Fagteymi tekur þátt í gerð reglna og eftirlits með þjónustunni samkvæmt samræmdu gæðamati. Stjórn setur starfsreglur fyrir fagteymi þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa fagteymis og framsal valds til töku fullnaðarákvarðana um úthlutun úrræða.

Stjórn byggðasamlagsins ræður starfsfólk og ákveður starfskjör þess. Starfsfólk hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri byggðasamlagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum er varða venjulegan rekstur þess. Starfsfólk á rétt til setu á stjórnarfundum. Stjórn byggðasamlagsins kveður nánar á um helstu verkefni og ábyrgð starfsfólks í starfslýsingu. Formaður stjórnar getur falið starfsfólki að annast fundarboð til stjórnarfunda og aðalfunda/aukaáðalfunda.

6. gr.

Ályktunarhæfi stjórnarfunda og aðalfunda, heimildir til fjarfunda.

Stjórnarfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur þegar meirihluti kjörinna stjórnarmanna er

mættur til fundar.

Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur hafi löglega verið til hans boðað og meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélaganna, miðað við fulltrúafjölda skv. 11. gr. samþykktar þessarar, er mættur.

Allir fundir í byggðasamlaginu geta verið fjarfundir ef slíkt kemur fram í fundarboði. Þá geta einstakir fundarmenn óskað eftir því að mæta til fundar í gegnum fjarfundarbúnað ef sérstakar ástæður eru fyrir því að þeir geta ekki mætt til fundar á fundarstað. Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

7. gr.

Umboð stjórnar til að skuldbinda aðildarsveitarfélög og prókúruumboð.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í samþykkttri fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, gildandi þjónustusamningum sveitarfélaganna um málefni fatlaðs fólks eða í samþykkt þessari. Ákvarðanir um lántökur eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, gildandi þjónustusamning, starfsreglur þjónusturáðs eða samþykkt þessa þarfnast staðfestingar stjórnar og sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

Samþykki meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda byggðasamlagið. Stjórn getur veitt prókúruumboð fyrir byggðasamlagið.

8. gr.

Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins og viðaukar.

Starfsfólk, eða sá aðili sem sinnir fjármálastjórn, skal í samvinnu við stjórn gera fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið og leggja fyrir stjórnarfund ár hvert. Sé tillaga að fjárhagsáætlun staðfest á stjórnarfundi skal tillögunni vísað til aðalfundar byggðasamlagsins.

Starfsfólk, eða sá aðili sem sinnir fjármálastjórn, skal í samvinnu við stjórn gera viðauka við fjárhagsáætlun, ef á þarf að halda. Viðaukar við fjárhagsáætlun skulu lagðir fyrir stjórn á stjórnarfundi og sé viðauki samþykktur skal viðaukanum vísað til aðalfundar, aukaaðalfundar eða sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til afgreiðslu.

Stjórn byggðasamlagsins fylgist með að rekstur byggðasamlagsins sé í samræmi við samþykta fjárhagsáætlun og viðauka við hana.

Fundargerðir stjórnar byggðasamlagsins skulu sendar aðildarsveitarfélögum til upplýsinga og afgreiðslu, ef við á.

Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um störf stjórnar byggðasamlagsins eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Ársreikningar byggðasamlagsins.

Stjórn byggðasamlagsins sér um að ársreikningar fyrir byggðasamlagið séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir stjórnarfund til meðferðar og afgreiðslu.

Stjórn staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins, sbr. 11. gr. samþykktar þessarar. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds og reikningsskilavenjur, skv. 59. gr. laga nr. 138/2011.

Sendi skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til allra aðildarsveitarfélaga fyrir 1. apríl ár hvert. Ársreikningur skal lagður fyrir aðalfund byggðasamlagsins á hverju ári til kynningar.

10. gr.

Um tekjur og gjöld byggðasamlagsins.

Tekjur byggðasamlagsins eru mánaðarleg og árleg framlög aðildarsveitarfélaganna og Jöfnunar-sjóðs sveitarfélaga. Nánar er kveðið á um tekjur hvers árs í fjárhagsáætlun.

Byggðasamlagið greiðir fyrir þjónustu í samræmi við samninga sem gerðir eru við sveitarfélögin um þjónustu við fatlað fólk, við sjálfstæða þjónustuaðila í samræmi við samninga þar um og rekstur byggðasamlagsins og rekstrarsamninga. Nánar er kveðið á um þessi gjöld og önnur í fjárhagsáætlun hvers árs.

11. gr.

Um aðalfund, aukaaðalfund, fjölda fulltrúa aðildarsveitarfélaga o.fl.

Aðalfundur byggðasamlagsins skal haldinn fyrir 10. október ár hvert.

Þau ár sem kosið er til sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund eigi síðar en 10. júlí þar sem kosin skal ný stjórn.

Sömu reglur gilda um aukaaðalfundi og aðalfundi, nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykkt þessari.

Aðalfundi skal boða rafrænt með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal fundarboð sent til framkvæmdastjóra hvers aðildarsveitarfélags með dagskrá fundar. Framkvæmdastjóri hvers sveitarfélags skal tilkynna til þess aðila sem fundinn boðar hverjir verði fulltrúar sveitarfélagsins á aðalfundinum og senda honum kjörbréf aðalfundarfulltrúanna, með a.m.k. tveggja daga fyrirvara fyrir fundinn. Ef forföll verða skal aðalfulltrúi boða varafulltrúa á fund í sinn stað.

Aukaaðalfundi skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess með sannanlegum hætti. Aukaaðalfundi skal boða með sama hætti en þó aðeins með viku fyrirvara.

Þeir sem eru kjörgengir til setu sem aðal- og varafulltrúar aðildarsveitarfélaganna á aðalfundum byggðasamlagsins eru aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga.

Á aðalfundi byggðasamlagsins eiga sæti miðað við íbúafjölda 1. janúar ár hvert:

- a. Einn fulltrúi fyrir sveitarfélag sem hefur 200 íbúa eða færri.
- b. Tveir fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 201 til 500 íbúa.
- c. Þrír fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 501 til 1.000 íbúa.
- d. Sveitarfélag með yfir 1.000 íbúa skal auk þeirra fulltrúa sem tilgreindir eru í c-lið fá einn fulltrúa til viðbótar fyrir hvert byrjað þúsund íbúa.

Stjórnarmenn byggðasamlagsins, framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga, kjörnir aðalfulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna og lykilstarfsmenn aðildarsveitarfélaganna hafa rétt til áheyrnar á aðalfundum byggðasamlagsins með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðarétt, séu þeir ekki kjörnir fulltrúar sveitarfélags á aðalfundi.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða fulltrúa aðildarsveitarfélaganna, sjá þó 12. gr. samþykktar þessarar, um samþykki tillagna um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að bjóða til aðalfundar aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi byggðasamlagsins.

12. gr.

Um dagskrá aðalfunda og aukaaðalfunda o.fl.

Stjórn byggðasamlagsins semur dagskrá aðalfundar og skal hún send út með fundarboði og fundargögnum. Aðalfundur er löglegur sé hann löglega boðaður og áskilinn lágmarksfjöldi fulltrúa mættur til fundar svo hann teljist ályktunarhæfur, skv. 6. gr. samþykktar þessarar.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirtalin mál, nema stjórn ákveði aðra dagskrá:

1. *Skýrsla stjórnar* um starfsemi liðins árs.
2. *Ársreikningur* síðasta rekstrarárs. Ársreikning skal senda með fundarboði á aðalfund.
3. *Fjárhagsáætlun* fyrir komandi rekstrarár.
4. *Tillaga kjörnefndar að skipan stjórnar og kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins* til tveggja ára í samræmi við 5. gr. þessarar samþykktar. Þessi liður skal tekinn fyrir annað hvert ár, enda er kjörtímabil stjórnar tvö ár miðað við aðalfund. Á kosningarári sveitarstjórnarkosninga skal þessi liður ekki tekinn fyrir, enda skal kosið til nýrrar stjórnar á aukaaðalfundi í júlí á kosningarári.
5. *Tillaga að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins* skal tekin fyrir ef tillaga um breytingar hefur komið fram með löglegum fyrirvara fyrir aðalfund. Tillaga að breytingu á samþykktum skal fylgja fundarboði eða send rafrænt til framkvæmdastjóra allra aðildarsveitarfélaganna og stjórnar í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnast samþykkis 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi.
6. *Ráðning löggilts endurskoðanda.*
7. *Önnur mál.*

Dagskrá aukaaðalfunda sem kunna að vera boðaðir skal vera samkvæmt fundarboði.
Í upphafi aðalfunda og aukaaðalfunda skal skipa þriggja manna kjörnefnd er starfar á fundinum.
Kjörnefndin sker úr um kjörgengi fulltrúa er sitja fundinn, í samræmi við 11. gr. samþykktar þessarar.

13. gr.

Úrsögn aðildarsveitarfélags og slit byggðasamlagsins.

Óski aðildarsveitarfélag þess að ganga úr byggðasamlaginu skal samþykkt ákvörðun sveitarstjórnar viðkomandi aðildarsveitarfélags tilkynnt formanni stjórnar með skriflegum og sannanlegum hætti eigi síðar en sex mánuðum fyrir næsta áætlaða aðalfund. Tilkynning um úrsögn skal vera rökstudd og ástæður úrsagnarinnar tilgreindar. Berist tilkynning um úrsögn með of stuttum fyrirvara fyrir aðalfund er heimilt að fresta umfjöllun um hana til næsta aðalfundar eða aukaaðalfundar.

Úrsögn skal miðuð við áramót og tekur úrsögn gildi um þar næstu áramót eftir að tillagan er tekin fyrir á aðalfundi þ.e. að tveimur árum liðnum, enda sé sveitarfélagið þá skuldlaust við byggða- samlagið, nema samið sé um annan tímafrest. Sveitarfélagið sem gengur úr byggðasamlaginu ber ábyrgð á skuldbindingum þess í samræmi við eignarhluta sinn þar til úrsögn hefur tekið gildi. Eftir það tímamark ber viðkomandi sveitarfélag ekki ábyrgð á skuldbindingum byggðasamlagsins, nema um það sé sérstaklega samið. Sé um að ræða langtímaskuldbindingar byggðasamlagsins s.s. vegna ákvarðana sem teknar voru áður en úrsögnin tók gildi ber sveitarfélagið ábyrgð á þeim með öðrum aðildarsveitarfélögum í samræmi við samþykkt þessa, nema um annað sé samið.

Við úrsögn úr byggðasamlaginu á sveitarfélag engan endurkröfurétt vegna stofnkostnaðar eða annars kostnaðar vegna starfsemi byggðasamlagsins. Við innlausn á eignarhlut sveitarfélagsins skulu þau sveitarfélög, sem eftir standa í byggðasamlaginu, greiða sveitarfélaginu, sem gengur úr byggðasamlaginu, nettó hluta bókfærðra eigna skv. síðasta birta ársreikningi byggðasamlagsins, í samræmi við eignarhlut sveitarfélagsins sem gengur út. Sveitarfélögin greiða fyrir eignarhlutann í sömu hlutföllum og eignarhluti þeirra verður í byggðasamlaginu.

Tillaga aðildarsveitarfélags um slit byggðasamlagsins þarf að berast formanni stjórnar og verkefnastjóra eigi síðar en sex mánuðum fyrir næsta áætlaða aðalfund byggðasamlagsins. Tillagan skal vera rökstudd og ástæður hennar tilgreindar. Tillagan skal tekin fyrir á næsta aðalfundi þar sem hún er rædd og atkvæði greidd um hana.

Tillaga um slit byggðasamlagsins skal kynnt á löglega boðuðum aðalfundi og skal aðalfundur vísa ákvörðun um slitin til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna ef tillagan er samþykkt á aðalfundi eða ef $\frac{2}{3}$ hlutar fulltrúa á aðalfundi krefjast þess. Tillaga um slit byggðasamlagsins telst ekki samþykkt fyrr en $\frac{2}{3}$ hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga hafa samþykkt tillöguna. Við slit byggðasamlagsins ganga eignir þess eða eftir atvikum skuldir til sveitarfélaganna í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags eins og hann var 1. janúar á því ári sem slit byggðasamlagsins fara fram.

Um úrsögn sveitarfélags úr byggðasamlaginu eða slit byggðasamlagsins fer að öðru leyti eftir 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

14. gr.

Endurupptaka stjórnarsýslumáls.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til stjórnar byggðasamlagsins og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

15. gr.

Staðfesting samþykktar og gildistaka.

Samþykkt þessi var samþykkt og staðfest á aðalfundi Berggrisans bs. 14. október 2024 og staðfest af sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna.

Samþykktin tekur gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda en við gildistöku hennar fellur úr gildi samþykkt byggðasamlagsins sem tók gildi með auglýsingu nr. 560/2023.

Tillögur að breytingum á samþykktum Bergrisans bs.

Almennt um tillögurnar

Helstu breytingarnar snúa að því að aðlaga samþykktirnar að nýju umhverfi Bergrisans. Meðal breytinga er því að taka út starfsheiti og tala með almennari hætti um starfsfólk Bergrisans sem og taka út tilvísun í þjónustusamning við Árborg sem á ekki lengur við. Þá er lagt til að aðalfundur geti samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun. Einnig er bætt við tveimur lagatilvísunum eftir ábendingar frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Að lokum voru gerðar smávægilegar lagfæringar, s.s. með sameiningu málsgreina, samræma dagsetningar, lagfæra tilvísanir í greinar o.fl. Nánari skýringar má finna undir hverri tillögu.

Tillögur að breytingum

- Við 2. mgr. 2. gr. bætist tilvísun til laga nr. 38/2018. Ný setning orðast svo (feitletrun er viðbót): „Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, **sbr. 5. gr. laga nr. 38/2018**, og bera sveitarfélögin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert.“
 - Bætt inn lagatilvísun eftir ábendingu frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.
- Í stað orðsins „verkefnastjóra“ í 2. mgr. 3. gr. komi: starfsfólks.
 - Lagt er til að taka út starfsheiti og tala almennt um starfsfólk.
- Í stað orðanna „Stjórn byggðasamlagsins“ í upphafi 3. mgr. 4. gr. komi: Byggðasamlaginu.
 - Lagt til að binda ekki samningagerð við stjórn heldur byggðasamlagið.
- Í stað orðsins „verkefnastjóra“ í fyrirsögn 5. gr. komi: starfsfólk.
 - Lagt er til að taka út starfsheiti og tala almennt um starfsfólk.
- Í stað orðanna „í júlí“ í 2. mgr. 5. gr. komi: fyrir 10. júlí.
 - Lagt er til að samræma dagsetningu við 11. gr. samþykktu.
- Við 4. mgr. 5. gr. bætist tilvísun til laga nr. 88/2021. Ný setning orðast svo (feitletrun er viðbót): „**Stjórn byggðasamlagsins** fer með yfirstjórn reksturs og faglegra verkefna byggðasamlagsins og ber að sjá um að ákvæðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, **laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála** og reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna sé framfylgt.“
 - Bætt inn lagatilvísun eftir ábendingu frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.
7. mgr. 5. gr. bætist aftan við 6. mgr. 5. gr. í stað þess að vera stök málsgrein.
 - Málsgreinar sameinaðar til samræmis við málsgrein um þjónusturáð.
- Í stað 8. og 9. mgr. 5. gr. kemur ný málsgrein sem orðast svo: „Stjórn byggðasamlagsins ræður starfsfólk og ákveður starfskjör þess. Starfsfólk hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri byggðasamlagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum er varða venjulegan rekstur þess. Starfsfólk á rétt til setu á stjórnarfundum. Stjórn byggðasamlagsins kveður nánar á um helstu verkefni og ábyrgð starfsfólks í starfslýsingu. Formaður stjórnar getur falið starfsfólki að annast fundarboð til stjórnarfunda og aðalfunda/aukaaðalfunda.“
 - Lagt er til að taka út starfsheiti og tala almennt um starfsfólk.
1. mgr. 8. gr. orðast svo: „Starfsfólk, eða sá aðili sem sinnir fjármálastjórn, skal í samvinnu við stjórn gera fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið og leggja fyrir stjórnarfund ár hvert. Sé tillaga að fjárhagsáætlun staðfest á stjórnarfundum skal tillögunni vísað til aðalfundar byggðasamlagsins.“
 - Lagt er til að taka út starfsheiti og tala almennt um starfsfólk.

10. 2. mgr. 8. gr. orðast svo: „Starfsfólk, eða sá aðili sem sinnir fjármálastjórn, skal í samvinnu við stjórn gera viðauka við fjárhagsáætlun, ef á þarf að halda. Viðaukar við fjárhagsáætlun skulu lagðir fyrir stjórn á stjórnarfundum og sé viðauki samþykktur skal viðaukanum vísað til aðalfundar, aukaaðalfundar eða sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til afgreiðslu.“
 - a. Lagt er til að taka út starfsheiti og tala almennt um starfsfólk og auk þess að aðalfundi og aukaaðalfundi sé heimilt að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun.
11. Í stað orðanna „greiðir sameiginlegan kostnað samkvæmt samningi við Sveitarfélagið Árborg“ í 2. mgr. 10. gr. komi: rekstur byggðasamlagsins og rekstrarsamninga.
 - a. Enginn samningur lengur í gildi við Sveitarfélagið Árborg.
12. Setningin „Verkefnastjóri byggðasamlagsins í samráði við framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborgar, sem er sjálfkjörinn formaður stjórnar, skal boða til þess fundar.“ í 2. mgr. 11. gr. falli brott.
 - a. Lagt er til að taka út starfsheiti og þessi setning er óþörf þar sem þessi heimild er í 5. gr. samþykktanna.
13. Í stað orðsins „verkefnastjóra“ í 5. tl. 2. mgr. 12. gr. komi: stjórnar.
 - a. Lagt er til að taka út starfsheiti og hér kemur þá stjórn í staðinn.
14. Í stað orðanna „10. gr.“ í 4. mgr. 12. gr. komi: 11. gr.
 - a. Lagfæring á tilvísun sem er röng.
15. Orðin „og verkefnastjóra“ í 1. mgr. 13. gr. falli brott.
 - a. Lagt er til að taka út starfsheiti.